

Mál nr. 374/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Slyshugtak váttryggingaréttar. Gildissvið váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. nóvember 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 25. nóvember 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti, fylgigögnum þess og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 26. febrúar 2020 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að gera við svokallað tröpputæki, og verið að toga tröppu í því út þegar hann fékk slink á baugfingur. Í sjúkraskrá komi þá fram að hann hafi verið að toga með fingrum 3-4 þegar hann heyrði smell í baugfingri. V hafi, með bréfi dags. 28. október 2022, hafnað bótaskyldu vegna atviksins á grundvelli þess að atvikið uppfylli ekki hugtaksskilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar. M mótmælir því og byggir á því að tjón hans megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. Ekki sé sýnt fram á að veikleiki innan líkama M sjálfs hafi valdið tjóninu, heldur hafi utanaðkomandi atburður, þ.e. slinkurinn sem kom á fingur hans, valdið því. Það sé þá enda V sem beri að sýna fram á að meiðsl M verði rakin til innra ástands hans. Það að toga í hlut með þeim hætti sem M hafi gert hljóti að teljast utanaðkomandi atvik. Líkami váttryggðs þurfi þannig að verða fyrir áhrifum frá hlutum eða atvikum utan við hann svo um slys í skilningi váttryggingarskilmálanna sé að ræða en hins vegar sé nægilegt að líkami váttryggðs sé hið eina sem er á hreyfingu, eins og t.a.m. þegar um fall er að ræða og ekki sé gerð krafa um að slík óhöpp eigi sér einhverjar sérstakar skýringar. Tjónsorsökina sé í þessu tilviki sannarlega að finna utan líkama M og sé bótaskylda þar af leiðandi til staðar. Máli sínu til stuðnings vísar M til dómáfordæma.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji ósannað að meiðsli M verði rakin skyndilegs utanaðkomandi atburðar en sönnunarbyrði þess hvíli samkvæmt almennum sönnunarreglum á M. Það að toga í tæki og fá við það slink teljist að mati félagsins ekki utanaðkomandi atburður og ekkert liggi fyrir um að frávik hafi orðið á þeirri atburðarás sem M hafi mátt vænta við verkið, að eitthvað hafi farið úrskaiðis við framkvæmd þess eða átakið skyndilega orðið meira en vænta mátti, en samkvæmt dómaframkvæmd verði einhver slík frávik að vera til staðar. Eins og atvikum sé lýst hafi ekkert utanaðkomandi leitt til tjóns M.

Álit.

Í 8. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs, og gerist sannanlega án vilja hans. Málsatvik virðast óumdeild, þ.e. að M hafi verið að toga í umrædda tröppu þegar eitthvað small í baugfingri, sbr. frásögn hans sjálfs við komu á heilsugæslu hinn 27. febrúar 2020. Er það og til samræmis við atvikalýsingu í fyrirliggjandi tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 8. júlí 2022, og tjónstilkynningu til V dags. 26. ágúst 2022. Verður ekki ráðið af þessari lýsingu eða öðrum fyrirliggjandi gögnum að einhver frávik hafi orðið við framkvæmd þessa verks, og liggur ekki annað fyrir en að um venjubundna framkvæmd hafi verið að ræða. Liggur því ekkert fyrir um að aðstæður hafi með einhverjum hætti haft áhrif á þá hreyfingu M að toga í tröppuna. Það að M fékk slink á baugfingurinn og eitthvað small í honum við þá hreyfingu að toga í tröppuna telst ekki til utanaðkomandi atburðar í sjálfu sér, enda verði þá að koma til einhvers konar utanaðkomandi frávik frá venjubundinni og eðlilegri atburðarás við framkvæmd hreyfingar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðisins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir